



**Bygðastofnun**  
Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1649  
komudagur S. Y. 2002

Dagsetning 4. apríl 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 192, tillögu til þingsályktunar um könnun á sjóðandi lághitasvæðum.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur mikilvægt að gerðar verði nauðsynlegar rannsóknir á sjóðandi lághitasvæðum og leiðir fundnar til að nýta þessa orku betur í krafti nýrrar tækni. Bygðastofnun telur mikilvægt að skoða sérstaklega hvernig nýta megi þessa auðlind til atvinnusköpunar á viðkomandi svæðum til eflingar byggðar.

Bygðastofnun mun meta möguleika á þátttöku í rannsókn á sjóðandi lághitasvæðum verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst

Ingunn H. Bjarnadóttir  
Ráðgjafi á próunarsviði Bygðastofnunar

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1780  
komudagur 10.4.2002

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 9. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um könnun á sjóðandi lághitasvæðum, 192. mál.

Stjórnin mælir með samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1650  
komudagur 5.4.2002



**ORKUSTOFNUN**  
Auðlindadeild

Grensásvegur 9 Sími - 569 6000  
108 REYKJAVÍK Fax - 568 8896  
os@os.is http://www.os.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Ágúst Geir Ágústsson  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2002  
Tilvísun: 2002030025  
Bréfalykill: 50.13

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lágðitasvæði**


Orkustofnun hefur borist bréf frá iðnaðarnefnd Alþingis dagsett 12. mars 2002 þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um þingsályktunartillögu um könnun á sjóðandi lágðitasvæðum. Umsögn Orkustofnunar er eftirfarandi:

Að frumkvæði Jarðhitafélags Íslands var á Orkuþingi 2001 sérstakur fundur undir heitinu: Sjóðandi lágðiti - vannýtt auðlind. Þar fluttu fjórir félagsmenn erindi um þetta efni og er því fróðleik að finna um málið í ráðstefnuriti Orkuþingsins.

Orkustofnun hefur um nokkurt skeið stefnt að því að auka rannsóknir á sjóðandi lágðitasvæðum, en takmarkað fjármagn stofnunarinnar til orkurannsókna hefur valdið því að þessum rannsóknum hefur miðað mjög hægt.

Orkustofnun mælir með samþykkt þessarar tillögu.

Virðingarfyllst

  
Þorkell Helgason  
orkumálastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1722  
komudagur 9.4.2002 9/4/02

Iðnaðarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík  
Fax 5630430

**Athugasemdir vegna tillögu um könnun á sjóðandi lághitasvæðum (mál 192).**

Orkuveita Húsavíkur nýtir í dag 120°C heitt vatn til raforkuframleiðslu sem fullnægir 70% af raforkuþörf Húsavíkur. Raforkuvinnslan hefur gengið áfallalaust, ef frá eru taldir erfiðleikar sem urðu í upphafi vinnslunnar. Þeir erfiðleikar stöfuðu af því að verið var að reyna nýja tækni. Áætlað verðmæti raforkunnar sem framleitt er með þessum hætti er um 50 millj.kr. á ári.


Orkuveitan hefur skrifað undir sölusamning við lyfjafyrirtæki sem hyggst nota 120°C heitt vatn til lyfjaframleiðslu. Starfssemin mun hefjast síðar á árinu.

Að framangreindu sést að það eru ýmsir möguleikar á nýtingu á sjóðandi jarðhitasvæða og mun nýting þeirra án efa styrkja byggð á viðkomandi svæði.

Fyrir hönd Orkuveitu Húsavíkur

  
Hreinn Hjartarson

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1998  
komudagur 18.4.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 15. apríl 2002.

Nefndarsvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði,  
192. mál.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. apríl s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 12. mars 2002 þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Selfossi, 22. mars 2002

Alþingi

Erindi nr. P 127/1464

komudagur 25. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., voru eftirfarandi þeingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:


Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:

- a. Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál.  
*Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.*
- b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.*
- c. Tillaga til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.  
*Stjórn SASS tekur er undir meginhugmynd tillögunnar en telur eðlilegt að umsjón með skipulegri áfallahjálp verði falin heilsugæslustöðunum.*
- d. Frumvarp til laga um eldi nytjastofna, 333. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.*
- e. Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.  
*Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.*
- f. Tillaga til þingsályktunar um flutning verkefna frá stjórnarsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, 488. mál.  
*Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.*
- g. Tillaga til þingsályktunar um aukabætur Alþingis um byggðamál, 24. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.*
- h. Frumvarp til umferðarlaga, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.  
*Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.*

- i. Frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjáráukalög, og 28. mál fjáráukalög 2001.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpanna.*
- j. Tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.*
- k. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.*

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri